



Fjölbrautaskóli Suðurnesja

Keflavík
Sími 92-3100

Suðurnesjum 30. desember 1987

128. fundur skólanefndar

Fjölbrautaskóla Suðurnesja haldinn í bóknámshúsi skólans
miðvikudaginn 30. desember 1987 kl. 17.00.

Fundinn sátu Guðmundur Björnsson, formaður, Hjálmar
Arnason, skólameistari, Bogi Hallgrímsson, Ólafur Eggertsson,
Ingimundur Guðnason, Eggert Ólafsson, Guðjón Kristjánsson,
Jón Gunnarsson, Ingólfur Halldórsson, aðstoðarskólameistari,
Kristinn Kristjánsson, fulltrúi kennara, Böðvar Jónsson,
fulltrúi nemenda, Stefán Jónsson, fjármálastjóri og Hulda
Björk Þorkelsdóttir, fundarritari.

Formaður setti fund, bauð fundarmenn velkomna og óskaði
þeim gleðilegrar hátíðar. Fundurinn hófst á myndatöku, en
síðan var gengið til dagskrár.

2. Lok haustannar 1987.

Skólameistari gerði grein fyrir skólaslitum, sem haldin voru í Ytri-Njarðvíkurkirkju þann 19. desember 1987. Athöfnin var með hefðbundnum hætti og sá Tónlistarskólinn í Keflavík um tónlistarflutning. Alls brautskráðust 49 nemendur og skiptust þeir þannig : 19 stúdentar, 8 af meistaranámsbraut, 6 af tveggja ára brautum, 11 vélaverðir, 2 af almennum iðnbrautum og 3 af verknámsbrautum.

Innritun fyrir næstu önn er að mestu lokið. Áætlaður fjöldi í dagskóla eru 500-540 nemendur. Kennsla mun hefjast mánudaginn 11. janúar. Þann 7. janúar er áætlaður samstarfsfundur með þeim framhaldsskólum sem hafa sama námsvísi og FS.

1. Fjármál.

Uppgjör vegna viðbyggingar og fjárhagsáætlun fyrir næsta ár var til umræðu, engin ákvörðun var tekin.

3. Eldvarnir.

Aðstoðarskólameistari skýrði stöðu mála. Nokkur tilboð hafa borist í verkið, en vegna fría um hátíðarnar hefur ekki verið hægt að ganga frá málinu. Frestað til næsta fundar.

4. Önnur mál.

a) Skólameistari skýrði frá því að Ingólfur Halldórsson, aðstoðarskólameistari hafi fengið launað ársleyfi næsta skólaár. Huga þarf að auglýsa stöðu hans um miðja næstu önn.

b) Skólameistari leggur til að skólanefnd heimsæki skólanefnd Fjölbrautaskóla Vesturlands á næstu önn. Var það samþykkt og skólameistara falið að sjá um framkvæmd.

c) Formaður leggur til að haldinn verði fundur með kennurum á næstu önn. Það var samþykkt og skólameistara falið að sjá um framkvæmd.

Fleira var ekki gert. Formaður þakkað mönnum góða fundarsetu, gott samstarf á árinu og vonaðist eftir jafn góðu samstarfi á næsta ári. Fundi slitið um kl. 18.30.

Guðmundur Björnsson Hulda Björk Þorkelsdóttir

Guðmundur Björnsson

Hulda Björk Þorkelsdóttir

formaður

fundarritari